



Lokakýrsla

Tölvulæsi 60+

Sauðárkrókur 9. desember 2022

1. Inngangur

Við lok árs 2021 tók Farskólinn – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra þátt í útboði sem auglýst var af Ríkiskaupum fyrir hönd Félagsmálaráðuneytisins, kt. 521218 – 0610. Samkvæmt útboðsskjali var um að ræða „sérsníðaða kennslu sem hjálpar eldra fólki um allt land að nýta sér þjónustu og rafræn samskipti á netinu með það að markmiði að draga úr félagslegri einangrun, njóta afþreyingar á netinu og auka notkun á þjónustusíðum“. Gert var ráð fyrir sjö námskeiðum á starfssvæði Farskólans eða Norðurlandi vestra. Gengið var að tilboði Farskólans.

2. Vorönn 2022 – Undirbúningur

Ákveðið var að námskeið Farskólans skildu haldin á Hvammstanga, Blönduósi, Skagaströnd, Sauðárkróki (2), Varmahlíð og Hofsósi. Í samráði við fulltrúa í stjórn tveggja félaga eldri borgara var ákveðið að halda námskeiðin eftir sumarfrí 2022. Kom þar marg til; meðal annars sauðburður hjá bændum.

Námskeiðin voru tímasett og auglýst í svokölluðum sjónvarpsvísimum; „Sjónaukanum“ sem borinn er í öll hús í Húnaþingi vestra og í „Sjónhorninu“ sem borið er í öll hús í A – Húnavatnssýslu og í Skagafirði. Sjá mynd 1.



Námskeið í tölvu- og miðlalæsi fyrir 60 ára og eldri

Farskólinn býður upp á námskeið í tölvu- og miðlalæsi fyrir 60 ára og eldri. Helstu námsþættir eru: notkun á rafrænum skilríkjum, heimabanki og netverslun, samfélagsmiðlar og efnisveitur, tölvupóstur og rafræn samskipti og fl.

Hvert námskeið er í fjögur skipti, tvær klukkustundir í senn. Gert er ráð fyrir átta þátttakendum á hvert námskeið.

Staðsetning:
Hvammstangi: 12. – 15. sept., kl. 10:00 – 12:00 að Höfðabraut 6.
Blönduós: 12. – 15. sept., kl. 13:30 – 15:30 í sal Samstöðu að Þverbraut 1.
Skagaströnd: 19. – 22. sept., kl. 10:00 – 12:00 í námsverinu að Einbúastíg 2.
Sauðárkrókur: 19. – 22. sept., kl. 14:00 – 16:00 á Faxatorgi.
Varmahlíð: 26. – 29. sept., kl. 13:30 – 15:30. Húsnæði auglýst síðar.
Hofsós: 26. – 29. sept., kl. 13:30 – 15:30. Húsnæði auglýst síðar.
Sauðárkrókur: 3. – 6. okt., kl. 13:00 – 15:00 á Faxatorgi.

Leiðbeinandi: Halldór B. Gunnlaugsson

Nánari upplýsingar og skráning á heimasíðu Farskólans eða í síma 455 – 6010. Námskeiðið er í boði Félagsmála- og vinnumarkaðsráðuneytisins og greiða þátttakendur engin námskeiðsgjöld.

ATH
Engin námskeiðsgjöld

 Farskólinn
miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra

Sími 455 6010 www.farskolinn.is

Mynd 1. Dæmi af auglýsingu Farskólans.

Auglýsingar birtust einnig á samfélagsmiðlum og á heimasíðu Farskólans. Eins var verkefnastjóri Farskólans, Halldór B. Gunnlaugsson, í sambandi við tengiliði félaga eldri borgara á svæðinu.

Sjá nánar á mynd 2, sem tekin var af heimasíðu Farskólans en þar má sjá allar dagsetningar (myndin er í tveimur hlutum).

Tölvunámskeið – spjalddölvur og farsímar

Lýsing:

Námskeið fyrir 60 ára og eldri þar sem kennt verður á snjalltæki s.s. spjalddölvur og snjallsíma.

Markmiðið er að efla tölvulæsi á snjalltæki, þ.e. þekkingu og færni í notkun rafrænna skilríkja og vefsíðna sem nauðsynlegt er að geta nýtt, s.s. heimabanka, netverslun, samfélagsmiðla, efnisveitur og notkun á tölvupóstum og öðrum rafrænum samskiptum:

Námsþættir:

- Rafræn skilríki og síður sem flestir þurfa að geta sótt (heilsuvera.is, skattur.is, o.fl.)
- Heimabanki og netverslun (millifærslur í heimabanka, reikningar, bókanir og pantanir á netinu með kreditkort)
- Samfélagsmiðlar og efnisveitur (Facebook, Netflix, o.fl.)
- Tölvupóstar og rafræn samskipti (Google)

SKRÁNING HVAMMSTANGA

SKRÁNING BLÖNDUÓSI

SKRÁNING SKAGASTRÖND

SAUÐÁRKRÓKI SEPTEMBER

SKRÁNING VARMAHLÍÐ

SKRÁNING HOFÓSÍ

SAUÐÁRKRÓKI OKTÓBER

Kennsluaðferðir og námsefni:

Kennslan verður einstaklingsmiðuð og því sniðin að þörfum hvers og eins en almenn atriði kynnt að hluta til fyrir alla á sama tíma.

Kennsluefnið verður að hluta til rafrænt en einnig útprentuð gögn.

Hvar og hvenær:

Námskeiðið er fjögur skipti á hverjum stað samtals 8.klst.

Hvammstanga 12-15.september 10:00-12:00

Blönduósi 12-15.september 13:30-15:30

Skagaströnd 19-22.september 10:00-12:00

Sauðárkrókur 19-22.september 14:00-16:00

Varmahlíð 26-29.september 10:00-12:00

Hofsós 26-29.september 13:30-15:30

Sauðárkrókur 3-6.október 13:00-15:00


Lengd: 8 klst

Leiðbeinandi: Halldór Gunnlaugsson, kennari og starfsmaður Farskólans.

Verð: Námskeiðið er frítt fyrir þá sem eru 60 ára og eldri.

Skráning: Hægt er að skrá sig hér til hægri, en einnig er hægt að senda tölvupóst á farskolinn@farskolinn.is, hringja í síma 4556010 eða senda okkur skilaboð á Facebook.

Athugið: Á hverju námskeiði eru pláss fyrir að hámarki 8 þátttakendur.



Mynd 2 Myndirnar (í tveimur hlutum) sýna viðmót auglýsingar á heimasíðu Farskólans og skráningarhnappa ásamt upplýsingum um námsþætti og tímasetningar

Væntanlegir þátttakendur skráðu sig sumir beint í gegnum heimasíðu Farskólans en margir hringdu og aðrir sendu tölvupóst.

3. Framkvæmd

Hjá Farskólanum hófust námskeiðin fyrri hluta september og þeim lauk á Skagaströnd um miðjan nóvember. Kennt var í fjóra daga í röð, tvo tíma í senn, á hverjum stað. Það sjónarmið var uppi að það væri vænlegra til árangurs að taka hvert námskeið á sem stystum tíma til að halda þátttakendum „heitum“ gagnvart viðfangsefninu. Á Hofsósi skráðu sig einungis tveir til leiks þrátt fyrir að reynt væri að ná í fleiri til að taka þátt. Á Skagaströnd var áhugi hins vegar það mikill að ákveðið var að hafa tvö námskeið þar, þannig að í stað sjö námskeiða þá urðu þau átta. Sjá töflu 1:

Tafla 1. Tímasetningar, staður, nöfn þátttakenda, kyn og meðalaldur í hverjum námshópi.

Tími	Staður	Fjöldi þátt	Karlar	Konur	Meðalaldur
12. – 16. sept	Blönduós Salur Samstöðu	7	4	3	73
12. – 16. sept	Hvammstangi Fjarnámsstofa	5	1	4	72
26. – 29. sept	Varmahlíð Löngumýri	6	1	5	74
03. - 06. okt	Sauðárkrókur Farskólinn	6	2	4	75,5
31. okt – 3. nó	Hofsós Grunnskólinn	2	0	2	73,5
07. – 10. nóv	Sauðárkrókur Farskólinn	8	4	4	76
14. – 17. nóv	Skagaströnd Námsstofa	8	1	7	77,6
14. - 17. nóv	Skagaströnd Námsstofa	4	3	1	72,7
Nemendur samtals:		46	16	30	

Um kennsluna:

Leiðbeinandi, Halldór B. Gunnlaugsson, undirbjó fyrirfram ákveðna dagskrá eins og kom fram í útboði og í auglýsingum. Það kom í ljós að ekki var alltaf hægt að fylgja dagskránni út í ystu æsar. Tölvuþekking innan námshópanna var mjög mismunandi eða allt frá því að vera nánast engin til þess að vera nokkuð góð og réð hún nokkuð hraða og yfirferð hverju sinni. Leiðbeinandi lagði inn efnið og aðstoðaði síðan þátttakendur við úrlausn verkefna. Í einu tilfelli fór leiðbeinandi með einum þátttakanda í bankann til að aðstoða hann við að fá rafræn skilríki.

Allir þátttakendur fengu boð um að koma í námsverin á sínu heimasvæði síðar, ef þeir þyrftu meiri aðstoð varðandi tölvulæsi.

Þátttakendur:

Þátttakendur voru samtals 46; 16 karlar og 30 konur. Meðalaldur námsmanna var nokkuð hár eða yfir 70 ár og var meðalaldur hæstur á Skagaströnd eða 77,6 ár.

Allir þátttakendur fengu skírteini að lokinni útskrift. Sjá mynd 3:



Farskólinn
miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra

Viðurkenning

Hér með staðfestist að

Nafn þátttakanda

Kt:

Hefur lokið 12 kestr. námskeiði í

Tölvulæsi á snjalltæki fyrir 60+

hjá Farskólanum - miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra.

Inntak m.a.:
Rafþæn skilríki, algengar yfisiður, heimabanki, netverslun, samfélagsmiðlar,
eftisveitur, tölvupóstur og rafþæn samskipti og fleira.

Leiðbeinandi: Halldór B. Gunnlaugsson, verkefnastjóri og kennari.

Sauðárkrókur, í september 2022.

Bryndís Kristín Williams Þráinsdóttir
Frákvæmdastjóri
Farskólanum

Mynd 3. Sýnishorn af viðurkenningarskjali.

4. Lokaorð

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu eru færðar þakkir fyrir það traust sem það sýndi Farskólanum með því að semja við skólann um verkefnið á Norðurlandi vestra. Leiðbeinanda, ásamt öllum þátttakendum er þakkað gott samstarf í verkefninu.

Fyrir hönd Farskólans:

Bryndís Kristín Williams Þráinsdóttir
Farskólanum – miðstöð símenntunar
á Norðurlandi vestra

